

A 1772/vekst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um Norðurlöndin sem forystusvæði á sviði sjálfbærs fiskeldis og bláa
hagkerfisins

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að gerð sambærilegra stjórnþækja og löggjöf í löndunum sem greiði fyrir samstarfi yfir landamæri um þarfir margra ólíkra atvinnugreina og samfélagslega hagkvæmra framkvæmda á sama landssvæði;

að hún eigi frumkvæði að viðræðum við Norðurlöndin til að útbúa sameiginlegan umhverfisstaðal fyrir alla verðmætakeðjuna í fiskeldi og sameiginlegt stjórnkerfi til að þróa áfram fiskeldisgrein, sem getur útvegað matvæli og efnahagsleg verðmæti með ásættanlegu vistspori, sem styður innleiðingu sjálfbærnimarkmiða Sameinuðu þjóðanna;

að hún eigi frumkvæði að kortlagningu á möguleikum á að móta sameiginlega stefnu um bláa hagkerfið, sem nær til þeirra ólíku atvinnugreina og samfélagslegu hagsmuna sem málið varðar mest;

að formennskuáætlunin sjái til þess að Norðurlöndin samræmi áform sín og aðgerðir á sem bestan hátt í samræmi við gildandi ESB-tilskipanir.

Bakgrunnur

Að tryggja vaxandi fólksfjölda í heiminum aðgang að próteinríkri fæðu er eitt brýnasta viðfangsefni heimsins. Auka þarf lífsgæði í heiminum. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum þarf matvælaframleiðsla heimsins að aukast um 70 prósent fram til ársins 2050. Áskoranir í loftslagsmálum þýða að framleiða verður matvæli á sjálfbærari hátt. Fiskur og annað sjávarfang eru mun skilvirkari en kjötframleiðsla til að umbreyta fóðri í orku og lífmassa.

Hafið er mikilvægt fyrir öll Norðurlöndin en áskoranirnar og tækifærin eru ólík. Eystrasaltið glímir við mengun og umhverfiseitur á meðan Norðursjór, Atlantshafið og Norðurhöf eru lítt menguð. Hins vegar hefur Eystrasaltið kosti þegar kemur að laxalús þar sem hún þrífst ekki í vatni með of litlu saltinnihaldi. Noregur, Ísland og Færeyjar hafa sérlega góðar náttúrulegar forsendur fyrir fiskeldi í sjó með hreint vatn



og langa strandlengju og með marga hentuga staði til fiskeldis. Eystrasaltssvæðið hefur kosti varðandi fiskeldi í lokuðum kerfum á landi. Öll Norðurlöndin hafa langa hefð fyrir fiskveiðum og framleiðslu sjávarfangs en leggja mismikla áherslu á fiskeldi. Fiskeldisgreinin er alþjóðleg og á í samkeppni. Mikilvægt er að nýta þá kosti sem finnast á hverjum stað um leið og ráðstafanir eru gerðar fyrir þróun nýrrar tækni með meðal annars lokuðum eldisstöðvum annað hvort fyrir hluta framleiðslunnar á landi eða á hafi úti og eldi nýrra tegunda og innleiðingu nýrra eldisaðferða. Framtíðarsýnin hlýtur að vera að Norðurlöndin verði í fremstu röð í heiminum í heilsusamlegri og loftslagsvænni framleiðslu á sjávarfangi. Þetta ætti að vera eitt mikilvægasta framlag Norðurlanda til sjálfbærnimarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Ef okkur á að takast að sigrast á öllum áskorunum sem Norðurlöndin og heimurinn standa frammi fyrir verðum við að sameina sjálfbærni og samkeppnishæfni og gera miklar kröfur til þess sjávarfangs sem við framleiðum. Stefnt er að betri nýtingu auðlinda, nýjum vörum og verðmætaaukningu sem byggist á ásættanlegu vistspori, góðu heilbrigði fiska og velferð fiska. Þróunin verður að eiga sér stað á forsendum lífríkisins og stuðla að hreinu hafi.

Samkvæmt haftilskipun ESB þarf að ná góðu ástandi umhverfis „*Good Environmental Status*“ (GES) fram til ársins 2020 fyrir hvert af fjórum svæðisbundnum hafsvæðum sem mynda hafsvæði ESB. Að svo stöddu hefur gott ástand umhverfis (GES) ekki náðst á neinu þessara svæða, ekki heldur á Norður-Atlantshafssvæðinu. Ef hefja á nýja efnahagslega starfsemi til sjávar verður því að kanna málin ítarlega með tilliti til þess að hafið er nú þegar undir of miklu álagi.

Fiskeldi er mikilvæg atvinnugrein við sjávarsíðuna og á landsbyggðinni. Móta verður stefnu sem tryggir ráðningu hæfra starfsmanna sem geta tekist á við störf á strandsvæðum í þekkingargrein í örum vexti.

Noregur er með eina bestu stjórnábylgju í fiskeldi en atvinnugreinin er ung og hefur vaxið ört. Frekari vöxtur fiskeldisfyrirtækja verður að vera sjálfbær og er algjörlega háður stjórnábylgju byggðri á þekkingu sem nýtur mikillar viðurkenningar bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Þörf er á ströngum og skynsamlegum reglum sem standa vörð um fæðuöryggi, heilbrigði fiska og umhverfismál. Fiskeldi er í örum vexti um heim allan. Norðurlöndin hafa þekkingu og mannauð til að þróa áfram sameiginlega stjórnun með strangri umhverfisvottun fyrir alla verðmætakeðjuna til neytenda. Markmiðið ætti að vera að vinna að sameiginlegum ESB-staðli. Evrópuþingið hefur þó nú þegar tekið margar ákvarðanir varðandi sjálfbært fiskeldi (sjá slóð) http://www.europarl.europa.eu/doceo/document/TA-8-2018-0248_DA.html

Norræna ráðherranefndin hefur unnið að samræmingu fiskveiðistjórnunar á Norðurlöndum. Frekari þróun á bláa hagkerfinu mun krefjast samþættari stjórnunar og betri tækja til stjórnunar þannig að samstarf ólíkra greina í sjávargreinum verði betra. Bláa hagkerfið nær meðal annars til greina eins og fiskveiða, fiskeldis, ólíkrar orkuframleiðslu, siglinga, tómstundastarfsemi, ferðaþjónustu og jarðefnavinnslu. Um leið munu ákveðin hafsvæði hafa mismunandi vernd til viðhalds líffræðilegs



fjölbreytileika, vistkerfa eða vegna sérlega viðkvæmra tegunda eða svæða eins og fjarða og íshafs. Innan ESB eru svonefnd vernduð hafsvæði, *Marine Protected Areas (MPA)*, en þau hafa orðið til á mjög ólíkan hátt og ekki eru sameiginlegar stjórnáráðgjaflegar kröfur um eða eftirlit með þessum svæðum, þannig að gera má ráð fyrir að áhrif þessara vernduðu svæða séu takmörkuð.

Þörfin er mikil á að stunda rannsóknir og þróun til að tryggja sjálfbæran vöxt á sviði fiskeldis. Mikilvægt er að fram fari óháðar gagnrýnar rannsóknir. Fiskeldisgreinin hefur dregið verulega úr notkun sýklalyfja. Nýjar rannsóknir munu ná stjórn á lús, genameðferð og eldiskerfi munu draga úr sjúkdómum og mikið magn gagna felur í sér gríðarleg tækifæri. Hluti lausnarinnar á loftslagsvandinum felst í nýjum tegundum fóðurs með efnum úr sjó fyrir fiskeldið. Þörungar standa að baki 40% ljóstíllífunarinnar og eru mjög áhrifaríkir. Margar spennandi rannsóknir eru í gangi með notkun þörungna, bindingu kolefnis og tækifæri til framleiðslu aðfanga fyrir fóður í fiskeldi.

Bláa hagkerfið verður að skoða heildstætt. Menn keppa um sömu svæðin og við munum sjá samþættari verðmætasköpun í framtíðinni. Auka þarf rannsóknir á hafrétti, hollustu sjávarfangs, nýtingu auðlinda neðar í fæðukeðjunni (lífa á 200 til 1000 metra dýpi), líftækni sjávar og lífefnaleit, nýjum lyfjum, orku og jarðefnum og málmum á hafsbótunni. Þróa þarf fleiri þverfaglegar námsleiðir sem ná yfir ólík svið í bláa hagkerfinu. Margar atvinnugreinar og samfélagslegir hagsmunir keppa á sumum sviðum um sömu landssvæðin. Þar getur verið um að ræða allt frá orkufyrirtækjum, sjávarútvegsfyrirtækjum og fiskeldi, til vöruflutninga á sjó og ferðaþjónustu. Oftar en ekki rekast þessir hagsmunir á. Auk þess er í dag við stjórnunarvanda að glíma, sem tengist því að ólík hafsvæði heyra undir ólík stjórnsvið og lúta stjórn mismunandi aðila í löndunum (einnig innan sama lands geta mismunandi stjórnáráðgjaflegar og ákvörðunaraðilar skarast eða stangast á). Auk þess er því þannig varið í dag þegar framkvæma skal umhverfismat, „*Environmental Impact Assessment*“, þá fer það bara fram fyrir hverja starfsemi fyrir sig, á meðan í raun þyrfti að skoða uppsöfnuð áhrif allrar starfsemi á ákveðnu svæði. Á Norðurlöndunum (og/eða Eystrasaltssvæðinu) er því að hluta til þörf á að horfa til allra aðila og fagsviða þegar horft er til stjórnunar atvinnulífs sjávarplássa, að hluta til á að skoða gildandi stefnumótandi skjöl og löggjöf á hlutaðeigandi sviði, þannig að skoða megi stjórnun strand- og hafsvæða í samhengi og á grundvelli heildstæðrar framtíðarsýnar og áætlunar yfir landamæri og hvernig ólík starfsemi í heild sinni hefur áhrif á viðkomandi umhverfi.

Samkvæmt tilskipun ESB um hafskipulag (MSP), skulu aðildarríkin leggja sitt af mörkum til skilvirkrar samræmingar sjávarstarfsemi og sjálfbærrar nýtingar auðlinda hafsins og strandsvæða með því að koma á fót umgjörð fyrir stefnufasta, gagnsæja, sjálfbæra og gagnreynda ákvarðanatöku. Til að ná þessum markmiðum kveður tilskipunin á um að innleitt verði skipulagsferli um málefni sjávar sem verði hrint í framkvæmd í mynd einnar eða fleiri skipulagsáætlana fyrir hafsvæði. Slíkt ferli þarf að taka tillit til samspilsins milli lands og sjávar sem og að stuðla að samstarfi aðildarríkanna. Aðildarríkin skulu semja skipulagsáætlanir sínar í samstarfi við grannríkin, að meðtöldum þriðju löndum eins og Íslandi og Noregi. Aðildarríkin skulu



kynna áætlanir sínar eigi síðar en 31. mars 2021. Nú þegar er þannig í gangi vinna sem stuðlar að æskilegri þróun á þessu sviði, að því tilskildu að löndin uppfylli þær kröfur sem tilskipanirnar kveða á um.

Samstarfsáætlunin árin 2017–2020 mun efla norrænt samstarf um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt. Hún á meðal annars að stuðla að lausn á mörgum þeirra mikilvægu alþjóðlegu áskorana sem lönd heimsins lögðu áherslu á í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Þörf er markvissari aðgerða á þessu sviði ef okkur á að takast að móta sameiginlega norræna stefnu um sjálfbæran vöxt í fiskeldisgreininni með ríkri áherslu á bláa hagkerfið. Á Norðurlöndunum höfum við tækifæri til að auka matvælaframleiðslu heimsins, stuðla að sjálfbærri stjórnun auðlinda hafsins og útflutningi á tækni.

Með réttu hefur plast í sjónum fengið mikla athygli. Skapa þarf skilning á alþjóðavettvangi á nánu sambandi hreinna og heilsusamlegra hafsvæða, sjálfbærrar nýtingar auðlinda sjávar og hagvaxtar og þróunar. Það krefst náinnar tengingar milli rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar. Á þann hátt geta Norðurlöndin aukið verðmætasköpun og fjölgað störfum á Norðurlöndunum tengdum sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem varða hafið en einnig tengdum öðrum markmiðum eins og útrýmingu fátæktar, fæðuöryggi og betri næringu.

Álit nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin fjallaði um þingmannatillöguna á fundi sínum í apríl og tók vel í tillöguna. Til að víkka sjónarhornið eilítið, og áður en nefndarálitið væri samþykkt, vildu menn þó kynna sér reynslu Pan Baltic Scope. Pan Baltic Scope er verkefnasamstarf yfir landamæri milli stjórnvalda í löndunum um stjórnun sjávarumhverfis í kringum Eystrasaltið. Einnig hefur verið bætt við þingmannatillöguna nokkrum staðreyndum um yfirstandandi ákvarðanir og vinnu innan ramma ESB-samstarfsins. Að fengnum tillögum frá Pan Baltic Scope og ESB-samstarfinu almennt, hefur verið bætt við gagnlegum viðbótum í nefndarálitið, einkum varðandi þörfina á sambærilegri stjórn tækjum og löggjöf varðandi stjórnun og ólíka þætti strandsvæða og sjávarumhverfis í löndunum og krafna ESB um aukna samræmingu milli landanna.

Helsingfors, 3. september 2019

Eveliina Heinaluoma (sd)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Heli Järvinen (grænum)
Joakim Strand (sv)
Juhana Vartiainen (saml)
Linda Ylivainio (C)
Lulu Ranne (saf)

Maria Nilsson (L)
Mikael Staffas (Lib)
Nils Aage Jegstad (H)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Stein Erik Lauvås (A)
Torhild Bransdal (KrF)